

## Tilgangur og markmið

Vörn er besta sóknin. Mannauðsstefna Ístex miðar að því að mynda varnarhjúp í kringum þá sem vinna í íslenskum ullargeira. Við viljum alltaf gera það sem rétt er og hafa vinnustað þar sem þakklæti og virðing er ofarlega á baugi. Við erum þolinmóð og hjálpum þeim sem vilja. Hvort sem er þeim sem þurfa tækifæri eða þeim sem vilja sækja fram á völlinn með þekkingu, fagmennsku og framsýni að leiðarljósi. Þannig byggist upp öryggi, vellíðan, traust, jafnrétti og sterka liðsheild. Ull er gull!

## Áherslur

Ístex er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem gott og öruggt er að vera. Allir eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína í starfi og enginn á að sæta mismunun. Sýna skal virðingu og tillitssemi.

## Jafnrétti

Leiðarljós jafnréttisáætlunar Ístex er að tryggja eins og hægt er rétt starfsfólks til að láta ljós sitt skína, að vera metin að verðleikum og fái sanngjarna umbunun óháð kyni, aldri, kynhneigð, fjölskylduaðstæðum, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum og stjórnsmálaskoðunum.

## Framgangur í starfi og þekking

Við erum fagfólk í ullariðnaði sem horft er til. Fagmennska og þekking er mikilvæg í okkar rekstri. Ístex veitir starfsfólk tækifæri til starfsþróunar ásamt endur- og símenntunar. Öll laus störf skulu standa opin fyrir alla sem hafa nauðsynlega hæfileika til að gera gott verk.

Ráðningar skulu vera faglegar, þar sem hæft, traust og árangursmiðað starfsfólk er valið. Vel skal taka á móti nýju starfsfólk og sýna þolinmæði og hlýju. Þjálfun skal vera markviss og gagnleg. Sýna skal fyllstu virðingu og gætni við starfslok.

## Samræming fjölskyldu og vinnu

Fjölskyldan kemur fyrst! Tryggja skal sveigjanleika, traust og samtal til að starfsfólk geti auðveldlega sinnt sínum málum og notið frítíma. Starfsfólk skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu óháð sinni stöðu í lífinu. Mikilvægt er að fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar barneignum séu jákvæðar og hafi síður en svo áhrif á framgang í starfi, endurmenntun, uppsögn, vinnuaðstæður og fleiri slíka þætti. Yfirvinnu á að nota varlega og í þeim tilvikum skal leitast við því að hún sé innan eðlilegra marka, sveigjanleg og tímabundin.

## Kynbundið ofbeldi og óheiðarleiki

Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki áreitni eða ofbeldi af kynbundnum eða kynferðislegum toga. Mikilvægt er að skilningur ríki um að gagnkvæm virðing og viðurkenning á fjölbreytni á vinnustað styrkir fyrirtækið. Kynbundinn óheiðarleiki lýðst ekki.

## Góð samskipti

Mikilvægt er að allir fái að láta ljós sitt skína. Þá er mikilvægt að boðleiðir séu skýrar og samskipti hrein og bein. Við viljum hafa góð samskipti og stuðla að öflugu upplýsingaflæði svo að starfsfólk þekki fyrirtækið og tengist hvoru öðru sem best. Þjálfun í íslensku er í boði, ásamt öðrum tungumálum sem liðka samskipti.


## Aðbúnaður og öryggi

Markmið okkar er að aðbúnaður sé góður og að fyllsta öryggis sé gætt enda að mörgu að huga. Öryggisstefna leggur áherslu á öruggt vinnuumhverfi og að öryggi starfsmanna og gesta sé ávallt í fyrirrúmi. Heyrnahlífar standa ávallt til boða.

## Ábyrgð

Mannauðsstefnan dregur saman áherslur Ístex í mannaðsmálum. Það er sameiginleg ábyrgð yfirstjórnar og starfsfólks að framfylgja stefnunni til að móta góðan vinnustað.

Fyrir hönd Ístex,



Sigurður Sævar Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri